



ORKUSTOFNUN

Orkumálasvið

Grensásvegur 9

108 REYKJAVÍK

os@os.is

Sími - 569 6000

Fax - 568 8896

<http://www.os.is>

Með bréfi dags 11. september óskar Skipulagsstofnun eftir umsögn um ofangreint málefni, skv. 2. mgr. laga nr. 106/2000 m.s.b. og 15. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Með bréfi 31. júlí sl. óskaði ráðgjafi framkvæmdaaðila eftir athugasemdum við drög að matsáætlun, og eru athugasemdir Orkustofnunar tíundaðar í framlagðri matsáætlun (bls. 26).

Orkustofnun gerir ekki athugasemd við matsáætlun en bendir þó á eftirfarandi:

Meðal þátta sem Orkustofnun mun þurfa að fara ítarlega yfir þegar matsskýrslan kemur til umsagnar varða grunnvatn, bæði notkun þess vegna framkvæmdar og áhrif á hugsanleg not annarra. Grunnvatnslíkan Vatnaskila (2006) er helsta heimild framkvæmdaaðila um þá þætti. Það er sagt uppfært árlega en skýrslan sem vitnað er til í heimildaskrá er frá 2003. Nauðsynlegt er að gera nýjustu uppfærslu aðgengilega með einhverjum hætti, og enn fremur er því beint til framkvæmdaaðila að á einu korti tengdu framsetningu líkansins komi skýrt fram hvar mælingar liggja fyrir, bæði á grunnvatnsborði og afrennsli.

Með kveðju

Hákon Aðalsteinsson

Elín Smáeadóttir